



## Fréttabréf AkureyrarAkademíunnar

febrúar 2025

### Kæru viðtakendur!

Hér er greint frá helstu tíðindum í starfinu frá því að síðasta fréttabréf var sent út í nóvember sl. Góðar stundir!

### Ársfundur 2025

Ársfundur AkAk 2025 verður haldinn þann 15. maí nk. í húsnæði AkAk, Sunnuhlíð 12, Akureyri. Á dagskrá eru aðalfundarstörf samkvæmt 12. gr. [skipulagsskrár](#) AkAk.

### Viðburðir á vormisseri

Háskólinn á Akureyri og AkAk verða með opinn fund 3. apríl nk., kl. 13:00 í HA, þar sem starfsemi AkAk verður kynnt og innanhúsfólk segir frá verkefnum sínum. Á misserinu mun AkAk einnig halda áfram að bjóða íbúum hjúkrunarheimilanna og öðrum bæjarbúum upp á fræðandi fyrirlestra um fjölbreytt viðfangsefni, og gert er ráð fyrir að bakarís-fyrirlestur verði framhaldið í Brauðgerðarhúsinu í Sunnuhlíð. Markmið þeirra er að kynna verkefni sem fólk hefur unnið að hjá AkAk, bjóða upp á viðburði í Sunnuhlíð og gefa bæjarbúum tækifæri til að fræðast og spjalla um fjölbreytt viðfangsefni.

### Innanhúsfólk

Hér er sagt frá verkefnum sem fyrrum og núverandi innanhúsfólk vinnur að.

- **Bryndís Fjóla Pétursdóttir, garðyrkjufraeðingur**

Bryndísi Fjólu, ásamt Ingu Lísu Middleton listakonu, var boðið að halda [kynningu](#) í íslenska sendiráðinu í London í janúar sl. Þar kynntu þær íslensku náttúruvættina og sögðu frá því hvernig þeir birtast í hinum sjónræna menningararfi þjóðarinnar og hvernig þekking okkar á þeim getur nýst í aðgerðum í loftslagsmálum og baráttunni við loftslagsvána.

- **Martina Huhtamäki, kennari við Háskólann í Helsinki**

Í október á síðasta ári var Martina Huhtamäki, kennari við Háskólann í Helsinki, með bakarís-fyrirlestur á vegum AkAk þar sem hún kynnti rannsóknir sem hún hefur unnið að, ásamt Väinö Syrjälä, á tungumálslega landslaginu á Akureyri, en þær beinast að því að skoða notkun tungumála út frá samfélagslegu sjónarhorni. Hér er hlekkur á [grein](#) þeirra um rannsóknina í tímaritinu *Orð og tunga*.

- **Skafti Ingimarsson, sagnfræðingur**

Í desember sl. birti Skafti grein í tímaritinu [Scandinavian Journal of History](#) sem fjallar um Samalaseldgosið árið 1257 á eyjunni Lombok í Indónesíu og fall íslenska goðaveldisins. Bent er á að greinin er í lokuðum aðgangi í tímaritinu. Einnig er hægt að nálgast grein um þetta efni sem Skafti birti í tímaritinu [Sögu](#) árið 2023 LXI:II.

AkureyrarAkademían, Sunnuhlíð 12, 603 Akureyri, sími 833-9861, veffang <https://www.akak.is/>  
Ábyrgðarmaður Fréttabréfs Aðalheiður Steingrímsdóttir, netfang [akak@akak.is](mailto:akak@akak.is)